

Verkefni 1: Grænmeti og fatnaður

Markmið:

1. Einfaldar reikniaðgerðir. Samlagning, frádráttur, margföldun
2. Notkun SUM fallsins
3. Einfaldar útlitsmótanir á texta


1. Sláið inn textann á myndinni hér fyrir neðan. Til að textinn passi inn í reitina þarf að breyta breidd dálkana. Það er gert með því að færa músarbendilinn á línuna t.d. milli A og B dálka, halda vinstri músarhnapp niðri og draga línuna til hægri, við það breikkar A dálkurinn þannig að orðið Grænmetislagerinn kemst fyrir í einum reit. Einnig er hægt að minnka reiti að sama skapi.

	A	B	C	D	E	F
1	Grænmetislagerinn					
2		Magn í kassa	Kassar á lager	Innkaup	Samtals kassar	Samtals kíló
3	Kartöflur	20	20	50		
4	Púrrulaukur	15	30	70		
5	Rauðlaukur	30	40	90		
6	Hvítlaukur	5	50	30		
7	Tómatar	8	10	15		
8	Agúrkur	12	8	10		
9	Spergilkál	7	24	40		
10	Aspas	6	31	30		
11	Blómkál	5	18	25		
12	Gulrætur	10	25	16		
13	Samtals					
14						
15						
16	Útsölumarkaðurinn					
17		Fjöldi	Verð áður	Afsláttur	Útsöluverð	Sala
18	Peysur	8	15000	5000		
19	Buxur	10	12000	6000		
20	Bolir	20	5000	2000		

2. **Grænmetislagerinn. E3:** Leggið saman tölu í reitum **C3-D3** til að finna hversu margir kassar af kartöflum eru til. Þegar formúla er búin til í Excel þarf alltaf að byrja á að slá inn jafnaðarmerkið (=) þannig að formúlan er **=C3+D3**

Afritið formúluna niður í línu 12. Það er gert með því að fara með músarbendilinn neðst í hægra horn reitsins sem á að afrita (**E3**). Þá breytist útlit hans í **+**. Haldið vinstri músarhnapp, niðri og dragið niður í reit **E12**. Einnig má tvísmella á vinstri músarhnappinn.

Sameining reita. Ljónið reiti **A1-F1**. Veljið **Merge and Center** sem er í Alignment valmyndinni. Með þessu verða reitirnir 5 að einum reit sem heitir **A1**.




Feitletrið textann í **A1**. Ljónið textann og veljið flýtiaðgerðina (**Ctrl+B**). Einnig er hægt að smella á Bold í Font valmyndinni.

Skáletrið textann í reitum **B2-F2**. Veljið flýtiaðgerðina (**Ctrl + I**) eða veljið Italic í Font valmyndinni.

3. **F3.** Reiknið hversu mörg kíló eru til á lager af kartöflum. Sú niðurstaða fæst með því að margfalda saman heildafjölda kassa og kílóafjölda í hverjum kassa. Formúlan verður því **=B3*E3**. Afritið formúluna loks niður í línu 12.

4. **B13:** Finnið heildarfjölda kassa á lager. Þegar lagðir eru saman margir reitir í einu er þægilegt að nota innbyggða fallið **SUM**. Veljið reit **B13** og sláið inn **=Sum(B3:B12)**. Einnig er hægt að smella á summutáknið í **Editing** valmyndinni. Afritið aðgerðina út í reit **F13**.



5. **Útsöllumarkaðurinn. E18:** Reiknið útsöluverð. Dragið afsláttinn frá upphaflega verðinu. Formúlan er **=C18-D18**. Afritið svo formúluna niður í línu 20.
6. Reiknið heildarsölu í reit **F18**. Margfaldið saman. fjölda peysa og útsöluverð. Formúlan er **=B18*E18**. Afritið formúluna niður í línu 20.
7. Útlitsmótið líkt og þið gerðum með grænmetislagerinn. Sameinið reiti í línu 16 og setjið skáletur á línu 17.

Þegar verkefnið er fullunnið ætti það að líta út líkt og á myndinni hér fyrir neðan.

	A	B	C	D	E	F
1	Grænmetislagerinn					
2		<i>Magn í kassa</i>	<i>Kassar á lager</i>	<i>Innkaup</i>	<i>Samtals kassar</i>	<i>Samtals kíló</i>
3	Kartöflur	20	20	50	70	1400
4	Púrrulaukur	15	30	70	100	1500
5	Rauðlaukur	30	40	90	130	3900
6	Hvítlaukur	5	50	30	80	400
7	Tómatar	8	10	15	25	200
8	Agúrkur	12	8	10	18	216
9	Spergilkál	7	24	40	64	448
10	Aspas	6	31	30	61	366
11	Blómkál	5	18	25	43	215
12	Gulrætur	10	25	16	41	410
13	Samtals	118	256	376	632	9055
14						
15						
16	Útsöllumarkaðurinn					
17		<i>Fjöldi</i>	<i>Verð áður</i>	<i>Afsláttur</i>	<i>Útsöluverð</i>	<i>Sala</i>
18	Peysur	8	15000	5000	10000	80000
19	Buxur	10	12000	6000	6000	60000
20	Bolir	20	5000	2000	3000	60000